

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 41

2. árgangur

2.11.1995

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/41/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.648 - McDermott/ETPM).....	01
95/EES/41/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.655 - Canal+/UFA/MDO).....	02
95/EES/41/03	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.598 - Daimler-Benz/Carl Zeiss).....	03
95/EES/41/04	Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.604 - Albacom).....	03
95/EES/41/05	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	04
95/EES/41/06	Ríkisaðstoð - C 42/94 (ex N 328/94) - Þýskaland.....	04
95/EES/41/07	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	05

95/EES/41/08	Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.....	05
95/EES/41/09	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	08
95/EES/41/10	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	08
95/EES/41/11	Skipun þriggja nýrra nefndarmanna í vísindanefndina um fóðrun dýra.....	09
95/EES/41/12	Framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega.....	09
95/EES/41/13	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	10
	3. Dómstóllinn	
95/EES/41/14	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	12
95/EES/41/15	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	15

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.648 - McDermott/ETPM)

95/EES/41/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 10. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin J.Ray McDermott Contractors Inc., undir yfirráðum J.Ray McDermott International Inc., sem aftur er undir yfirráðum McDermott International Inc., og ETPM International SAS, undir yfirráðum ETPM SA, sem aftur er undir yfirráðum Lyonnaise des Eaux, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki McDermott-ETPM Far East Inc. sem myndar fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, ásamt þremur núverandi fyrirtækjum um sameiginlegt verkefni, með hlutabréfaskiptum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - J.Ray McDermott Contractors Inc.: smíði olíuborpalla og olíuleiðslna í tengslum við olú- og jarðgasvinnslu á grunnsævi,
 - ETPM International SAS: smíði og viðhald á mannvirkjum sem notuð eru við olú- og jarðgasvinnslu á grunnsævi,
 - McDermott-ETPM Far East Inc.: smíði og viðhald á olíuborpöllum, olíuleiðslum og öðrum tækjabúnaði sem notaður er við olú- og jarðgasvinnslu á grunnsævi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 289, 31. 10. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.648 - McDermott/ETPM, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.655 - Canal+/UFA/MDO)****95/EES/41/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 10. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾, þar sem fyrirtækið UFA Film und Fernseh GmbH („UFA“), undir yferráðum þýsku Bertelsmann-samstæðunnar, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yferráð yfir Monégasque des Ondes („MDO“), sem er þegar undir sameiginlegum yferráðum Canal+ SA. (Canal+) og Général d'Images (GDI) sem er undir yferráðum Générale des Eaux (GDE).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - UFA: fjölmiðlun,
 - GDE/GDI: vatnsveita, orkuframleiðsla, eftirlit með úrgangi, kapalnet og framleiðsla nýsigagna, útsendingar og dreifing,
 - Canal+: sjónvarpsrekstur,
 - MDO: sjónvarpsrekstur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.655 - Canal+/UFA/MDO, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(²) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.598 - Daimler-Benz/Carl Zeiss)**

95/EES/41/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. 6. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð
(Mál nr. IV/M.604 - Albacom)**

95/EES/41/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. 9. 1995 að tilkynnt aðgerð í framannefndu máli félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ vegna þess að hún uppfyllir ekki skilyrði um viðmiðunarmörk, sbr. 2. mgr. 1. gr. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. samrunareglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt**95/EES/41/05**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1995 um reglur varðandi beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 (Swissair/Sabena) (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 239, 7. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda gerð og reglubundna notkun bráðabirgðalista yfir stofnanir í þriðju löndum sem hafa leyfi til að flytja dýraafurðir til bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 244, 7. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. september 1995 um fyrirmynd að vottorðum vegna viðskipta innan bandalagsins með sæði, eggfrumur og fósturvísa úr sauðfé og geitum (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 234, 3. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. september 1995 um verndarráðstafanir hvað varðar dúrínjúkdóm í Mexíkó (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 234, 3. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. september 1995 um breytingu á ákvörðun 95/186/EB um markaðssetningu og notkun svínakjöts við beitingu á 9. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 234, 3. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. október 1995 um breytingu á ákvörðun 95/301/EB hvað varðar verndarráðstafanir gegn gin- og klaufaveiki í Rússlandi (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 239, 7. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. október 1995 um skrá yfir starfsstöðvar í Namibíu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja kjötvörur inn til bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 254, 24. 10. 1995).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/48/EB frá 20. september 1995 um að aðlaga tilskipun 92/21/EBE um massa og mál vélknúinna ökutækja í flokki M₂ að tækniframförum (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 233, 30. 9. 1995).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/49/EB frá 26. september 1995 um að uppfæra skrá yfir stofnanir sem nefndar eru í tilskipun 91/296/EBE varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 233, 30. 9. 1995).

**Ríkisaðstoð
C 42/94 (ex N 328/94)
Þýskaland****95/EES/41/06**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 3855/91/KSE, hvað varðar fyrirhugaðar fjárhagsráðstafanir þýska sambandsríkisins Bæjaralands í tengslum við einkavæðingu á hlutum þess í fyrirtækinu Neue Maxhütte Stahlwerke GmbH og Lech-Stahlwerke GmbH, þar sem hún hefur komist að niðurstöðu um að fyrirhugað fjárframlag teljist til ríkisaðstoðar sem er ósamrýmanlegt KSE-sáttmálanum og ákvörðun nr. 3855/91/KSE (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 253, 21. 10. 1994).

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 95/EES/41/07 Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska styrkjaáætlun sem miðar að því að hvetja til samvinnu milli sveitarstjórna, fyrirtækja og samtaka um að auka fjölbreytni í ferðamannaþjónustu og til að efla danskan ferðamannaíðnað almennt, ríkisaðstoð nr. N 714/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrkjaáætlun sem spænsk stjórnvöld lögðu til í þágu handiðnaðar í Extremadura, ríkisaðstoð nr. N 65/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska aðstoðaráætlun um að gera iðnfyrirtækjum kleift að nýta fyrirliggjandi upplýsingar um gervihnattaathuganir á jörðu, ríkisaðstoð nr. N 88/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt 779 000 DM lán sem þýsk yfirvöld hafa ákveðið að veita fyrirtækinu Brandenburger Bauelemente GmbH til að treysta lausafjárstöðu þess, ríkisaðstoð nr. N 127/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nýja fjárhagsáætlun sem ítölsk stjórnvöld hafa lagt til vegna aðstoðaráætlunar um ráðstafanir til að fjarlægja asbest, ríkisaðstoð nr. N 183/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem ítölsk yfirvöld veittu fyrirtækjunum STET - Società Finanziaria Telefonica p.A., Fiat - C.I.E.I. S.p.A., Zeltron S.p.A og Centro Recherche Fiat S.C.p.A. (CRF), til að styðja þátttöku þeirra í Eureka-verkefninu EU 45 Prometheus, ríkisaðstoð nr. N 732/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem ítölsk yfirvöld veittu fyrirtækjunum S.G.S. Thomson Microelectronics s.r.l., Finmeccanica (Alenia) S.p.A., Bull HN og Italtel S.p.A. til að styðja þátttöku þeirra í Eureka-rannsóknaráætluninni EU 127 - JESSI, ríkisaðstoð nr. N 734/94, N 595/94, N 596/94 og N 597/94 N (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Breska konungsríkið lagði til til stuðnings litlum fyrirtækjum, ríkisaðstoð nr. NN 23/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun á sviði fiskveiða og kvíaeldis sem Grikkland lagði til, að undanskildum kaflanum um sérstakar ráðstafanir, ríkisaðstoð nr. N 34/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Holland lagði til hvað varðar sjóði til að auka neyslu á síld, ríkisaðstoð nr. N 536/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurfjármögnun fyrir 1994 á aðgerðum til að byggja upp atvinnustarfsemi á svæðum sem hafa orðið illa úti vegna kreppu í námaíðnaði á Ítalíu, ríkisaðstoð nr. N 142/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem frönsk yfirvöld hafa ákveðið að veita textílfyrirtækinu Fabertex SA, ríkisaðstoð nr. NN 70/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska löggjöf um umhverfisskatta sem felur í sér eftirgjöf á sköttum til handa fyrirtækjum sem láta umhverfisvernd til sín taka, ríkisaðstoð nr. NN 13/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn lagði til hvað varðar endurskipulagningu og endurbætur á fiskiflota Kanaríeyja, ríkisaðstoð nr. 246/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun til að styrkja fiskiðnað og kvíaeldi í Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. N 44/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun til stuðnings fiskveiðum á Spáni, ríkisaðstoð nr. N 390/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tímabundna aðstoðaráætlun vegna skemmda af völdum flóða í Vallóníu í Belgíu í formi fjárfestingarstyrkja til fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 298/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á aðstoðaráætlun til að efla umhverfistækni í Hollandi, ríkisaðstoð nr. N 419/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstafanir til styrktar fiskiðnaðinum innan ramma séráætlunar um þróun sjálfstæða héraðsins Asoreyja í Portúgal, ríkisaðstoð nr. N 438/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að auka fjárhagsáætlun í tengslum við styrkjaáætlun vegna markaðsþróunar á Norður-Írlandi, ríkisaðstoð nr. N 366/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danskan iðnþróunarsjóð til að styðja vöruþróunarverkefni sem fela í sér mikla áhættu, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, ríkisaðstoð nr. N 155/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðina sem Frakkland veitti fyrirtækinu S.G.S.-Thomson Microelectronics, ríkisaðstoð nr. N 97/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Ítalía lagði fram til að hrinda í framkvæmd tilteknum ákvæðum héraðslaga nr. 18 frá 7. apríl 1994 um aðstoð við fyrirtæki í Belluno, ríkisaðstoð nr. N 295/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um styrki til að efla stöðu kvenna í sveitahéruðum Saxlands, ríkisaðstoð nr. N 534/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska björgunaraðstoð til fyrirtækisins Kaelble-Gmeinder GmbH, ríkisaðstoð nr. N 99/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska björgunaraðstoð til fyrirtækisins Aluhett Aluminiumwerk GmbH, ríkisaðstoð nr. N 156/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fjórar spænskar fjárfestingaráætlanir á sviði ferðamála á Kanaríeyjum, ríkisaðstoð nr. N 250/95, N 251/95, N 252/95 og N 253/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska aðstoðaráætlun um að draga sem verða má úr umhverfisspjöllum vegna notkunar ökutækja til vöruflutninga á vegum, ríkisaðstoð nr. N 473/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn lagði til um beina styrki til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 72/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun vegna rannsókna- og þróunar, fjárfestinga, upplýsinga, þjálfunar og tæknilegrar aðstoðar á sviði umhverfismála í Valensíu, ríkisaðstoð nr. N 92/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska aðstoðaráætlun um beina styrki til lítilla fyrirtækja vegna ráðgjafarkostnaðar í tengslum við orkunýtni og ráðgjöf á sviði umhverfismála, ríkisaðstoð nr. N 311/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun vegna fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðamannaíðnaði í Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 782/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun vegna smíði á gasleiðslum í Asturias, ríkisaðstoð nr. N 329/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt almenna aðstoðaráætlun sem Spánn lagði til vegna svæðaþróunar í Kantabríu, ríkisaðstoð nr. N 351/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska rannsóknar- og þróunaraðstoð í tengslum við samstarfsverkefni á sviði fjargagnaflutninga, ríkisaðstoð nr. N 302/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franskan sjóð til að bæta starfsskilyrði (FACT) og aðstoð vegna ráðgjafarþjónustu við fyrirtæki (ACE), ríkisaðstoð nr. N 70/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun um rekstrarráðgjöf fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Hessen, ríkisaðstoð nr. NN 1/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn lagði til vegna áætlunar um að auka starfsþjálfun í Mursíu, ríkisaðstoð nr. N 401/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn lagði til vegna áætlunar um að auka starfsþjálfun í Valensíu, ríkisaðstoð nr. N 402/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð til að efla rannsóknir og þróun, áframhaldandi þjálfun starfsmanna og til að stuðla að frekari utanaðkomandi ráðgjöf í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, ríkisaðstoð nr. N 325/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn lagði til í þágu iðnfyrirtækja í Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 382/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt viðbótarfjárframlög sem Frakkland lagði til til að umbreyta iðnaði á stáliðnaðarsvæðum, ríkisaðstoð nr. N 501/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrkjaáætlun sem Spánn lagði til til að auka atvinnu í Aragon, ríkisaðstoð nr. N 404/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsóknar- og þróunaraðstoð í tengslum við tækniþróun í Berlín, ríkisaðstoð nr. N 71/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn lagði til í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Aragon, ríkisaðstoð nr. N 444/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun varðandi fjárframlög til lítilla og meðalstórra fyrirtækja til að gera þeim kleift að taka þátt í kaupstefnum og vörusýningum, ríkisaðstoð nr. N 549/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til fyrirtækisins Abfall-Behandlungsgesellschaft mbH, ríkisaðstoð nr. N 555/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem Frakkland lagði hvað varðar undanþágu á skattatengdum gjöldum fyrir skó- og skinnaiðnaðinn, ríkisaðstoð nr. N 447/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt langtímalán að andvirði 3,75 milljóna DM sem Sambandslýðveldið Þýskaland veitti Brauerei Gotha í samræmi við áætlun um fjármagnslán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 453/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem Frakkland lagði í formi undanþágu á skattatengdum gjöldum fyrir fataiðnaðinn, ríkisaðstoð nr. N 461/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem Spánn lagði til til stuðnings fiskiðnaði í Andalúsú, ríkisaðstoð nr. N 520/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 276, 21. 10. 1995).

Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla 95/EES/41/08 rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum⁽¹⁾, í A-flokki (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) og/eða B-flokki (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) voru birtar í Stjtið. EB nr. C 274, 19. 10. 1994.

Breska konungsríkið hefur veitt einu flugfélagi í A-flokki flugrekstrarleyfi og tíu í B-flokki og afturkallað flugrekstrarleyfi eins flugfélags í A-flokki og fjögurra í B-flokki.

Þýskaland hefur veitt einu flugfélagi í A-flokki og 15 í B-flokki flugrekstrarleyfi og afturkallað flugrekstrarleyfi eins flugfélags í A-flokki og fimm í B-flokki.

Danmörk hefur veitt tveimur flugfélögum í A-flokki flugrekstrarleyfi og einu í B-flokki.

Spánn hefur veitt einu flugfélagi í A-flokki flugrekstrarleyfi og þremur í B-flokki.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 95/EES/41/09 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands

Frakkland hefur ákveðið, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Parísar (Orly-flugvallar) og Albi (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 284, 28. 10. 1995).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 95/EES/41/10
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands

Frakkland hefur ákveðið, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Parísar (Orly-flugvallar) og Brive (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 284, 28. 10. 1995).

Skipun þriggja nýrra nefndarmanna í vísindanefndina 95/EES/41/11
um fóðrun dýra

Í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 76/791/EBE frá 24. september 1976 um stofnun vísindanefndar um fóðrun dýra⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 94/C173/03⁽²⁾ frá 25. júní 1994, skipaði framkvæmdastjórnin þann 27. september 1995 þrjá nýja nefndarmenn í vísindanefndina um fóðrun dýra (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 10. 1995).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 279, 9. 10. 1976, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 173, 25. 6. 1994, bls. 3.

Framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega**95/EES/41/12**

Við útreikning á árlegum meðalkostnaði er ekki tekið mið af 20% lækkuninni sem kveðið er á um í 2. mgr. 94. gr. og 2. mgr. 95. gr. í reglugerð nr. 574/72.

Nettó meðalkostnaður á mánuði hefur verið lækkaður um 20%.

MEÐALKOSTNAÐUR BÓTA Í PENINGUM -1992⁽¹⁾**I. Beiting 94. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72**

Endurgreiðanlegar fjárhæðir hvað varðar bætur í peningum sem veittar voru 1992 til fjölskyldumeðlima eins og um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 verða ákvarðaðar á grundvelli eftirfarandi meðalkostnaðar:

	Á ári	Nettó á mánuði
BRESKA KONUNGRÍKIÐ	£ 826.92	£ 55.13

II. Beiting 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72

Endurgreiðanlegar fjárhæðir hvað varðar bætur í peningum sem veittar voru 1992 samkvæmt 28. gr. og 28. gr. a í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 verða ákvarðaðar á grundvelli eftirfarandi meðalkostnaðar:

	Á ári	Nettó á mánuði
BRESKA KONUNGRÍKIÐ	£ 1524.62	£ 101.64

MEÐALKOSTNAÐUR BÓTA Í PENINGUM -1993⁽²⁾**I. Beiting 94. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72**

Endurgreiðanlegar fjárhæðir hvað varðar bætur í peningum sem veittar voru 1993 til fjölskyldumeðlima eins og um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 verða ákvarðaðar á grundvelli eftirfarandi meðalkostnaðar:

	Á ári	Nettó á mánuði
LÚXEMBOURG	55 109 FLux	3 674 FLux
HOLLAND	2039,16 FL	135,94 FL

II. Beiting 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72

Endurgreiðanlegar fjárhæðir hvað varðar bætur í peningum sem veittar voru 1993 samkvæmt 28. gr. og 28. gr. a í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 verða ákvarðaðar á grundvelli eftirfarandi meðalkostnaðar:

	Á ári	Nettó á mánuði
LÚXEMBOURG	138 677 Flux	9 245 Flux
HOLLAND		
Lífeyrisþegar yngri en 65 ára	2039,16 FL 1	35,94 FL
Lífeyrisþegar 65 ára og eldri	8151,12 FL	543,41 FL

⁽¹⁾ Meðalkostnaður: Lúxemborg, Stjtið. EB nr. C 139, 21. 5. 1994.

Meðalkostnaður: Belgía, Spánn, Frakkland og Holland, Stjtið. EB nr. C 360, 17. 12. 1994.

Meðalkostnaður: Portúgal, Stjtið. EB nr. C 53, 4. 3. 1995.

⁽²⁾ Meðalkostnaður: Spánn, Stjtið. EB nr. C 123, 19. 5. 1995.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**95/EES/41/13**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stj. tíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stj. tíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0261-A	RVS 9.34 Göng - steinsteypa fyrir húðun innri veggja	27.11.1995
95-0262-A	Tilmæli frá austurríska heilbrigðis- og neytendaverndarráðherranum um merkingar á göngugrindum fyrir börn (LaufwagerIVO)	23.11.1995
95-0263-D	Tæknileg viðbótarsamningsskilyrði fyrir vega-, járnbrauta- og brúargerð (ZTV-K)	4.12.1995
95-0264-P	Eiginleikar semts og skilyrði fyrir markaðssetningu og notkun þess	11.12.1995
95-0265-DK	Tækniforskriftir fyrir notendabúnað til tengingar við fastar staðarrásir, fastar símarásir með merkjabreytum og fastar radíórásir	1.12.1995
95-0266-A	Byggingatæknireglugerð fyrir Neðra-Austurríki	29.11.1995
95-0267-D	„Reglugerðir um öryggi og heilbrigðisvernd við notkun CO ₂ -slökkvitækja“	29.11.1995
95-0268-UK	Reglugerðir um merkingu matvæla	30.11.1995
95-0269-FIN	Umburðarbréf KY 188-95 um sveigjanlega rafmagnsteina	6.12.1995
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stj. tíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

DÓMSTÓL

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

95/EES/41/14

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 6. júlí 1995 í máli C-259/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanefnd skuldbindinga - tilskipun 92/44/EBE - fjarskipti - frjáls aðgangur að netum fyrir leigulínur).

Dómur dómstólsins frá 13. júlí 1995 í máli C-350/92: Konungsríkið Spánn gegn ráði Evrópusambandsins (beiðni um ógildingu - reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja).

Dómur dómstólsins frá 13. júlí 1995 í máli C-156/93: Evrópuþingið gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (löggjöf um lífræna framleiðslu á landbúnaðarvörum - valdsvið ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar - forréttindi þingsins).

Dómur dómstólsins frá 13. júlí 1995 í máli C-341/93 (beiðni um forúrskurð frá Vestre Landsret (Danmörku)): Danvaern Production A/S gegn Schuhfabriken Otterbeck GmbH & Co (Brusselsamningurinn - sérstakt dómsvald - 3. mgr. 6. gr. - gagnkrafa - skuldajöfnun).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 13. júlí 1995 í máli C-474/93 (beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank te Zwolle (Hollandi)): Hengst Import BV gegn Anna Maria Campese (Brusselsamningurinn - 2. mgr. 27. gr. - hugtakið málshöfðunarskjal eða sambærilegt skjal).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 13. júlí 1995 í máli C-116/94 (beiðni um forúrskurð frá Social Security Commissioner, London): Jennifer Meyers gegn Adjudication Officer (jafnrétti kynjanna - tilskipun 76/207/EBE - skilyrði um aðgang að starfi - starfsskilyrði - fjölskyldutekjur).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 13. júlí 1995 í máli C-216/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanræksla á að uppfylla skyldur samkvæmt samningnum - tilskipun 89/48/EBE - viðurkenning á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 11. ágúst 1995 í sameinuðum málum C-367/93 til C-377/93 (beiðni um forúrskurð frá Tariefcommissie): F.G. Roders BV o.fl. gegn Inspecteur der Invoerrechten en Accijnzen (vörugjöld á vín - innlend skattlagning sem felur í sér mismunun - Benelúx-kerfið).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-432/93 (beiðni um forúrskurð frá Court of Appeal (Civil Division)): Société d'Informatique Service Réalisation Organisation (SISRO) gegn Ampersand Software BV (Brusselsamningurinn - 36., 37. og 38. gr. - fullnustuaðgerð - dómur varðandi áfrýjun gegn heimild fyrir fullnustuaðgerð - áfrýjun varðandi lagabeitingu - stöðvun málsmeðferðar).

Dómur dómstólsins frá 11. ágúst 1995 í máli C-433/93: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi (mál höfðað gegn aðildarríki vegna vanefndar á skuldbindingum - opinberir verk- og vörukaupasamningar).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-448/93 P: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Muireann Noonan (áfrýjun - embættismaður - lögmati málshöfðunar þar sem úrskurður valnefndar sem beitir skilyrðum vafasamrar útboðslýsingar er vefengdur).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-1/94 (beiðni um forúrskurð frá Consiglio di Stato): Cavarzere Produzioni Industriali SpA o.fl. gegn Ministero dell'Agricoltura e delle Foreste o.fl. (sameiginleg markaðsskipulagning - sykurvótar - færsla milli fyrirtækja).

⁽¹⁾ Sjá Stjttíð. EB nr. C 268, 14. 10. 1995.

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-16/94 (beiðni um forúrskurð frá Cour de Cassation (Frakklandi)): Édouard Dubois et Fils SA og Général Cargo Services SA gegn Garonor Exploitation SA (umflutningsgjöld sem greidd eru samkvæmt einkasamningi - gjöld sem hafa sambærileg áhrif).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-43/94 P: Evrópuþingið gegn Philippe Vienne (embættismaður - dagpeningar - uppsafnaðar greiðslur).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-63/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce, Mons): Groupement National des Négociants en Pommes de Terre de Belgique gegn ITM Belgium SA og Vocarex SA (frjálsir vöruflutningar - bann við sölu á vörum þar sem álagning er mjög lítil).

Dómur dómstólsins frá 11. ágúst 1995 í máli C-80/94 (beiðni um forúrskurð frá Gerechtshof te 's-Hertogenbosch): G.H.E.J. Wielockx gegn Inspecteur der Directe Belastingen (52. gr. EB-sáttmálsans - krafa um jafna meðferð - skattur á tekjur aðila sem er ekki búsettur í landinu).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-92/94 (beiðni um forúrskurð frá Court of Appeal (Civil Division)): Secretary of State for Social Security, Chief Adjudication Officer gegn Rose Graham o.fl. (jafnræði kynjanna - örorkubætur - tengsl við eftirlaunaaldur).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-98/94 (beiðni um forúrskurð frá Arbeidsrechtbank Antwerpen): Christel Schmidt gegn Rijksdienst voor Pensioenen (reglugerð (EBE) nr. 1408/71 - almannatryggingar - innlendir reglur gegn skörun bóta - bætur af sömu tegund).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-240/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi (vanefnd skuldbindinga - vanræksla á að taka tilskipun 89/336/EBE og 92/31/EBE upp í landslög - rafsegulviðssamhæfi).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 11. ágúst 1995 í máli C-260/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-228/95: Mál höfðað þann 2. júlí 1995 af Giorgio Bernardi gegn Evrópuþinginu.

Mál C-244/95: Beiðni um forúrskurð frá Diikitiko Protodikio (stjórnsýsludómstóll á fyrsta dómstigi), Aþenu, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 24. maí 1995 í máli P. Moskof gegn Ethnikos Organismos Kapnou (innlenda tóbaksnefndin).

Mál C-247/95: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt dómi þess dómstóls frá 21. mars 1995 í máli Finanzamt Augsburg-Stadt gegn Marktgemeinde Welden.

Mál C-254/95 P: Máli áfryjað þann 24. júlí 1995 af Evrópuþinginu gegn dómi sem kveðinn var upp þann 30. maí 1995 af þriðju deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-289/94 milli Angelo Innamorati og Evrópuþingsins.

Mál C-258/95: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 11. maí 1995 í máli Julius Fillibeck Söhne GmbH & Co KG gegn Finanzamt Neustadt.

Mál C-261/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Frosinone samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 27. júní 1995 í máli Rosalba Palmisani gegn INPS.

Mál C-265/95: Mál höfðað þann 4. ágúst 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-268/95: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Chancery Division, Patents Court samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 13. júlí 1995 í máli Beecham Group plc gegn Europharm of Worthing Ltd.

Mál C-269/95: Beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht München samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 5. maí 1995 í máli Benincasa gegn Dentalkit s.r.l.

Mál C-270/95 P: Máli áfrýjað þann 9. ágúst 1995 af C. Kik gegn fyriræmum fyrstu deildar dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi frá 19. júní 1995 í máli T-107/94 milli C. Kik og ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi Konungsríkisins Spánar.

Mál C-274/95: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. júní 1995 í máli Ludwig Wünsche & Co. gegn Hauptzollamt Hamburg-Jonas (útflutningsbótadeild).

Mál C-275/95: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. júní 1995 í máli Ludwig Wünsche & Co. gegn Hauptzollamt Hamburg-Jonas (útflutningsbótadeild).

Mál C-276/95: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. júní 1995 í máli Ludwig Wünsche & Co. gegn Hauptzollamt Hamburg-Jonas (útflutningsbótadeild).

Mál C-277/95 P : Máli áfrýjað þann 14. ágúst 1995 af Erika Lenz og Volker Lenz gegn fyriræmum fjórðu deildar dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi frá 14. júní 1995 í sameinuðum málum T-462/93, T-463/93 og T-470/93 milli Erika Lenz og Volker Lenz og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-278/95 P: Máli áfrýjað þann 16. ágúst 1995 af Siemens SA gegn dómnum sem kveðinn var upp þann 8. júní 1995 af annarri deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-459/93 milli Siemens SA, með stuðningi Sambandslýðveldisins Þýskalands og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-280/95: Mál höfðað þann 18. ágúst 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-282/95 P: Máli áfrýjað þann 24. ágúst 1995 af Guérin Automobiles gegn dómnum sem kveðinn var upp þann 27. júní 1995 þriðju deild dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (með auknum fjölda dómara) í máli T-186/94 milli Guérin Automobiles og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-283/95: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Baden-Württemberg samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 21. ágúst 1995 í máli Karlheinz Fischer gegn Finanzamt Donaueschingen.

Mál C-284/95: Beiðni um forúrskurð frá Ufficio del Giudice di Pace, Genúa, samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 8. ágúst 1995 í máli Safety Hi-Tech S.r.l. gegn S. & T. S.r.l.

Mál C-285/95: Beiðni um forúrskurð frá Oberverwaltungsgericht Berlin samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 11. ágúst 1995 í máli Suat Kol gegn Land Berlin.

Mál C-286/95 P: Máli áfrýjað þann 30. ágúst 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn dómnum sem kveðinn var upp þann 29. júní 1995 af fyrstu deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (með auknum fjölda dómara) í máli T-37/91 milli Imperial Chemical Industries plc og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-289/95: Mál höfðað þann 30. ágúst 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-291/95: Mál höfðað þann 5. september 1995 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾

95/EES/41/15

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) frá 14. júlí 1995 í máli T-166/94: Koyo Seiko Co. Ltd gegn ráði Evrópusambandsins (ráðstafanir gegn undirboðum - skaði).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) frá 14. júlí 1995 í máli T-275/94: Groupement des Cartes Bancaires 'CB' gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - sekt - dráttarvextir - greiðsluskilmálar).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. júní 1995 í máli T-6/95: Cantine dei colli Berici coop. arl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (landbúnaður - sameiginleg skipulagning vínmarkaðarins - kerfi fyrir skyldubundna eimingu - lögmæti - einstaklingur sem reglugerðin varðar beint).

Mál T-72/95: Mál höfðað þann 28. febrúar 1995 af Comafrica SpA o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-145/95: Mál höfðað þann 10. júlí 1995 af PRODERIC - Formação e Desenvolvimento de Recursos Humanos, ACE - gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-151/95: Mál höfðað þann 20. júlí 1995 af INEF - Instituto Europeu de Formação Profissional, Lda - gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-152/95: Mál höfðað þann 24. júlí 1995 af Odette Nicos Petrides Co Inc. - gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

LEIÐRÉTTING

Undirskrift í ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 2/95/SC frá 18. maí 1995 um breytingu á starfsreglum fastanefndar EFTA-ríkjanna, sem birtist í 38. tölublaði, 2. árg. þann 12. 10. 1995, skal vera sem hér segir:

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Formaður

Eivinn Berg

Framkvæmdastjóri

Kjartan Jóhannsson

⁽¹⁾ Sjá Stjttíð. EB nr. C 268, 14. 10. 1995.